

Greinargerð vegna styrks Kennslumálasjóðs 2019 fyrir verkefnið „Gender goes viral - English videos for applied gender studies“

Námsbraut í kynjafræði hlaut styrk úr Kennslumálasjóði árið 2019 fyrir verkefnið „Gender goes viral – English videos for applied gender studies“. Þorgerður J. Einarsdóttir prófessor í kynjafræði er ábyrg fyrir verkefninu og hefur hún unnið að því ásamt Finnborgu Salome Steinþórsdóttur nýdóktor í kynjafræði, en þær eru kennarar námskeiðsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir afrakstrinum.

Bakgrunnur verkefnisins er að námskeiðið „KYN202F Hagnýting jafnréttisfræða: Frá bróðurparti til systkinalags“ (10ECTS) hefur verið kennt síðan 2005 og er í stöðugri þróun. Námskeiðið er mjög hagnýtt og vinna nemendur raunhæf verkefni en námsbrautin er í víðtæku samstarfi við aðila á vettvangi. Með því er leitast við að mæta ákvæðum í stefnu Háskólans (2016-2021) um „hagnýt verkefni í samvinnu við samfélag og atvinnulíf.“ Náíð samstarf hefur verið við Jafnréttisnefnd háskólaráðs síðan árið 2010 um verkefnavinnu nemenda um samþættingu og kynjuð fjármál í starfseiningum Háskólans í samræmi við jafnréttisstefnu skólans. Formlegur samstarfssamningur í gildi við Reykjavíkurborg og umfangsmikið samstarf er einnig við mörg ráðuneyti. Þá er samstarf við aðra aðila á vettvangi og má nefna að árið 2020 var umfangsmikið samstarf við KSÍ um nemendaverkefni. Öll verkefnavinnan snýr bæði að samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða (e. gender mainstreaming) og kynjuðum fjármálum (e. gender budgeting) og eru verkefni þróuð sameiginlega af kennurum námsbrautarinnar og samstarfaðilunum.

Annað dæmi um þróun námskeiðsins verðskuldar að vera nefnt en það er útgáfa námskeiðsins sem sérstaklega hefur verið þróuð fyrir nemendur sem stefna á störf í fjölmiðlum, „KYN 203F Hagnýting jafnréttisfræða: Kyn og margbreytileiki í fjölmiðlum“ (5ECTS). Með þessu hefur tekist að koma til móts við fleiri nemendahópa.

Verkefnið sem Kennslumálanefnd styrkti 2019 miðaði að því að færa enn frekar út kvíarnar og bjóða upp á námskeiðið á ensku en hingað til hefur það verið kennt á íslensku eingöngu. Í samræmi við umsóknina til Kennslumálasjóðs hafa verið útbúin myndbönd á ensku og með því gefst tækifæri til að bjóða skiptinemum, og nemendum sem ekki tala íslensku, upp á námskeiðið með litlum sem engum auka tilkostnaði. Námskeiðið verður kennt í fyrsta sinn á vormisseri 2021 samkvæmt kennsluskrá „KYN007F Applied Gender Studies for International Students“

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=71073420210&kennsluar=2020>).

Enska útgáfa námskeiðsins verður byggð á vendikennslu og er það í samræmi við þróun námskeiðsins frá upphafi. Með því að stað- og fjarkenna námskeiðið „KYN202 Hagnýting jafnréttisfræða“ hefur verið komið til móts við nemendur sem stunda nám með vinnu,

nemendur sem ekki eiga heimangengt t.d. vegna fötlunar eða veikinda, sem og nemendur sem hafa árekstra í stundatöflu. Ekki síst hefur þetta gagnast nemendum á landsbyggðinni og erlendis en það er umtalsverður hópur.

Sú breyting var gerð frá umsókninni til Kennslumálasjóðs að myndböndin eru átta en ekki sex, en að sama skapi eru þau aðeins styttri og var flokkun efnisatriða hnikað í nokkrum tilvikum. Var það byggt á uppsafnaðri reynslu okkar sjálfra og annara af myndböndum í kennslu að styttri myndbönd séu skilvirkari en löng.

Myndböndin eru sem hér segir:

Hluti 1. Staða jafnréttismála og kenningar um kynjakerfið (2 myndbönd).

Hér voru tvö myndbönd gerð í stað eins myndbands eins og ráðgert var. Í öðru „Gender equality in Iceland“ er farið er yfir stöðu jafnréttismála á Íslandi og hún sett í samhengi við kenningar um kynjakerfið. Í hinu „All that glitters is not gold“ er staða Íslands í alþjóðasamhengi skoðuð, jafnréttismælingar rýndar og forsendur þeirra.

Hluti 2. Jafnréttislög, jafnréttishugtakið og jafnrétti margbreytileikans (1 myndband).

Hér var tveimur hlutum slegið saman í einn og eitt myndband var útbúið „Equality legislation“. Ástæðan er sú að kynjajafnréttislög hafa verið í endurskoðun og eru þau nú nátengd öðrum jafnréttislögum og þótti okkur því við hæfi að hafa umfjöllun jafnrétti kynjanna og annarra þátta sem skilgreina félagslega stöðu fólks í einni. Í myndbandinu er þess í stað farið yfir sögu jafnréttislaga, stjórnarskrá, stefnur, sáttmála og samninga sem Ísland (stjórnvöld og Reykjavíkurborg) hafa innleitt eða eru aðilar að.

Hluti 3. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða (1 myndband).

Í myndbandinu „Gender mainstreaming“ er farið yfir samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða eins og ráðgert var en sú breyting var gerð að fræðileg umfjöllun um samtönnun mismunarbreyta (e. *intersectionality*) er hluti af umfjölluninni í stað þess að hafa það sem sérstakan efnispátt.

Hluti 4. Kynjuð fjármál (2 myndbönd).

Hér var gerð sú breyting að útbúin voru tvö myndbönd í stað eins. Í öðru myndbandinu „Gender budgeting“ er fjallað um kynjuð fjármál og innleiðingu þeirra á Íslandi, með sérstaka áherslu á opinber fjármál og fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar. Jafnframt var bætt við myndbandinu „Jumpstart, potential and hindrances“ til þess að samþætta betur kennslu og rannsóknir í samræmi við stefnu HÍ, en það byggir á rannsókn kennarar námsbrautarinnar þar sem staða innleiðingar kynja samþættingar og kynjaðra fjármála og áhrif samstarfsverkefna hjá Reykjavíkurborg og innan Háskólans eru metin.

Hluti 5. Jafnrétti í háskóla- og vísindasamfélaginu (2 myndbönd).

Hér var gerð sú breyting að tvö myndbönd voru gerð í stað eins. Var það gert til að samþætta betur kennslu og rannsóknir í samræmi við stefnu HÍ, en námsbraut í kynjafræði hefur tekið þátt í ESB-verkefnunum GARCIA (<http://garciaproject.eu/>) og ACT (<https://www.act-on-gender.eu/>)

sem bæði snúa að jafnrétti í háskólasamfélaginu. Með þessu gefst einstakt tækifæri til að njóta góðs af erlendu samstarfi kennara. Starfseiningar innan Háskólans eru mikilvægir samstarfsaðilar námsbrautar í kynjafræði og þróuð hefur verið þekking og yfirsýn á jafnréttismálum og hagnýtu jafnréttisstarfi í því samstarfi. Þessu eru gerð skil í myndböndunum tveimur. Annað „Gender budgeting in research organisations“ fjallar almennt um gagnlegar aðferðir jafnréttisstarfs í akademíu og hitt „Gender budgeting in University of Iceland“ fjallar sérstaklega um reynsluna hérlendis.

Myndböndin eru aðgengileg stjórn Kennslumálasjóðs hér: https://reiknistofnun-my.sharepoint.com/:f/g/personal/finnborg_hi_is/Ej7VP_oP_PRMvn5eVCIf714BAIOS56Fu0eOXu_gQV3C03IA?e=e0pJwZ

22. desember 2020



Þorgerður J. Einarsdóttir